



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 12.05.2023
Tilvísun: M202305-0331

Efni: Áform um lagasetningu – Slit og uppgjör íl-sjóðs, mál nr. 78/2023 – Umsögn Alþýðusambands Íslands

Innan Alþýðusambands Íslands var rædd sú staða sem komin er upp varðandi íl-sjóð og hugmyndir um slit sjóðsins. Lögð var áhersla á að finna að því óréttlæti sem felist í dreifingu byrðanna verði sú leið farin að velta vandanum yfir á lífeyrissjóði.

Vandi íl-sjóðs og íbúðalánasjóðs vegna útgáfu óuppgreiðanlegra skuldabréfa til að fjármagna uppgreiðanleg útlán hefur legið fyrir í lengri tíma, að segja má frá útgáfu. Íslenskur verkalyður, sem skapar ríkinu tekjur þess, má treysta því að ríkið fari vel með fjármuni þess ásamt löggjafar- og skattlagningarvaldi. Við útgáfu skuldabréfa ríkisstofnunar, sem nú eru í íl-sjóði, misförst það og áform sem nú eru kynnt bæta ofan á fyrri vandræði. Sérlega alvarlegt er það ójafnræði sem flest í áformum þegar aðgerð kemur ólíkt niður á hópum.

Með því að slíta íl-sjóði er tap samfélagsins alls af misráðnum fjármálagjörningum ríkisstofnunar fyrir um tveimur áratugum fært af samfélagini öllu á annan hóp, sjóðfélaga lífeyrissjóða að megninu til. Ríkið ber ábyrgð á stofnunum sínum, rekstri og fjármögnun ríkissjóðs. Það er vart heppilegt fordæmi að klúður stjórnmálamanna og stofnana ríkisins sé fært annað en þangað sem ábyrgðin liggur, hjá ríkinu sjálfu.

Ríkið nýtur almennt góðra lánskjara sem byggja á trausti til þess að það standi við skuldbindingar sínar ásamt því að verkalyður landsins sjái ríkinu áfram fyrir stöðugu streymi skatttekna. Óvarlegt væri að stefna lánstrausti ríkisins í hættu, eins og felst í áformum ráðherra. Eitt tölusettra meginmarkmiða fjármálaráðherra í samningaumleitunum við eigendur skuldabréfa íl-sjóðs er að staða ríkissjóðs sem útgefanda á markaði verði ekki raskað. Vandséð er að lagasetning um slit sjóðsins geti staðist þetta markmið. Með því að standa ekki í skilum á skuldbindingum sínum er viðbúið að dregið sé úr trúverðugleika ríkisins sem skuldara og hætt við því að fjármögnunarkostnaður ríkisins aukist til frambúðar sem minna traustur skuldari.

Sú fjárfestingarstefna sem rekin er um þá fjármuni sem skilast aftur gegnum uppgreiðslur útlána íbúðalánasjóðs er mjög varfærin og ljóst að stendur engan veginn undir skuldbindingum. Ekki var dregið úr halla eins og hægt mátti vera með því og tjón ríkis og skattgreiðanda því aukið. Fyrir uppgreiðslur er búið að kaupa verulega mikið af ríkisskuldabréfum, sérstaklega síðustu ár. Í heimsfaraldrinum má líkja því við að ríkissjóður var rekin á hagstæðum yfirdrætti frá íl-sjóði sem keypti ríkisskuldabréf á kjörum sem aðrir kaupendur ríkisskuldabréfa voru ekki tilbúnir að sættast á. Þannig var enn aukið á viðvarandi hallarekstur sjóðsins.

Slitum íl-sjóðs færir tap eða hallarekstur sjóðsins á eigendur skuldabréfa íl-sjóðs og eiga lífeyrissjóðir um 80-90% þeirra. Höggið af því að færa tapið yfir á lífeyrissjóðina þýðir að



Alþýðusamband Íslands

lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga verði skertar. Sú skerðing kemur síðan ólíkt niður á sjóðum og sjóðfélögum. Lífeyrissjóðir eiga mismikið af skuldabréfunum en hvað varðar sjóðfélaga er enn talsverður hluti skuldbindinga lífeyrissjóða með bakábyrgð opinberra aðila. Þeir sjóðfélagar yrðu ekki fyrir tapi þar sem hið opinbera þyrfti að bæta tjónið af slitum sjóðsins vegna bakábyrgðar. Ójafnræði fælist í slitum sjóðsins þar sem það bitnaði því á sjóðfélögum í sjóðum á almennum vinnumarkaði umfram þeim á opinbera.

Komin er fram fjöldi álita lögfræðinga um lögmæti hugmynda fjármálaráðherra um að slíta íl-sjóði. Lagasetning um slit leiddi af sér umfangsmikinn lögfræðilegan ágreining og óvissu. Ljóst er að ef ráðist er í slit fylgir fjöldi málshöfðana á hendur ríkisins frá lífeyrissjóðum með tilheyrandi kostnaði fyrir sjóðfélaga og skattgreiðendur. Eins yrðu lífeyrissjóðir settir í óvissustöðu um raunverulega eignarstöðu þeirra, í nokkurn tíma a.m.k., þar sem reikna má með að mál fari gegnum öll dómsstig.

Alþýðusamband Íslands hvetur til þess að látið sé af áformum um slit og uppgjör íl-sjóðs og ríkið standi að fullu við skuldbindingar sínar.

Virðingarfyllst,


Finnbjörn A. Hermannsson,
Forseti ASÍ